

Ed.

534. Nefndarálit

[118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru nú 3 ára gömul og hafa nú þegar stutt að verulegum umbótum í landbúnaði og þá ekki sízt á sviði ræktunar á þeim jörðum, sem höfðu undir 10 ha túnstærð við gildistöku laganna 1957. Síðan veitir ríkissjóður árlega í fimm ár 5 millj. kr. framlag samkv. landnámslögnum, til þess að hægt sé að bæta aðstöðu þeirra bænda, sem hafa ekki enn þá náð 10 ha túnstærð og búa við óhagstæð búskaparskilyrði. Undanfarandi ár hefur ekki verið ræktað eins mikið og reiknað var með í fyrstu, svo að nokkurt fé er nú til staðar af því, sem þarf til ræktunar minnstu túnanna.

Hins vegar er það staðreynd, að ræktunarkostnaður hækkar nú verulega eins og allt annað hér á landi, svo að líklegt má telja, að þótt ræktun dragist saman sakir aukins ræktunarkostnaðar, þá þurfi hærri fjárhæðir en nokkru sinni áður til þessa hefur þurft, ef landnám ríkisins á að greiða sama hluta í ræktun túna innan 10 ha og það hefur gert síðan 1957.

Dýrtíðin leggst nú á landslýð af fullum þunga, svo að slíks munu varla dæmi á jafnskömmum tíma áður, miklir örðugleikar eru fram undan á öllum sviðum hjá efnalitlu fólki og gera því mjög erfitt fyrir með framkvæmdir, þar sem byggingarvörur hafa hækkað frá 40% til 70%. Það má því hverjum manni ljóst vera, að miklir erfiðleikar eru á byggingarframkvæmdum, eins og nú er komið. En þótt draga eigi úr framkvæmdum, mun varla takast að stöðva þær, þar sem knýjandi nauðsyn einstakra bænda til að koma upp íbúðum krefst þess, að áfram sé haldið eða jarðirnar fari í eyði, sem varla getur talizt farsæl þróun. Samhliða gífurlegri hækkun á byggingarkostnaði hefur ríkisstjórnin og hennar stuðningslið beitt sér fyrir stórauðnum vaxtabyrðum. Á lánnum Byggingarsjóðs sveitabæja hafa vextir hækkað úr 3.5% í 6%, en vextir ræktunarsjóðs úr 4% í 6.5%, samhliða því sem lánstími var stytur úr 20 árum í 15 ár. Samhliða þessu eru vextir af víxlum hækkaðir úr 8% í 11.5%. Þar ofan á bætist mikil óvissa um útvegum fjármagns til stofnlánasjóða landbúnaðarins. Auk þess hafa dráttarvélar með tilheyrandi tækjum hækkað um 66%. Ef eitthvað skal gera til að milda þessar ósvífnu ráðstafanir í garð sveitafólks ekki síður en annarra landsmanna, þá duga ekki neindir smámunir.

Þótt það skuli á hinn bóginn viðurkennt, að frv. þetta, ef að lögum verður, mildi nokkuð þá hækkun, sem orðin er á byggingarkostnaði, þá gengur það of skammt, til þess að verulegur árangur náist. Framlagið þarf því að hækka, jafnframt því sem séð verður fyrir sérstöku fjárframlagi í þessu skyni, en það ekki tekið af því fjármagni, sem þarf til þess að efla ræktun þeirra jarða, sem skemmst eru komnar á því sviði. Það er „skammgóður vermir“ að ætla sér ekki að láta framlag þetta til byggingar vara lengur en til ársloka 1961, þegar framlag til stækkunar túna í 10 ha fellur niður.

Minni hl. landbúnaðarnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Í stað „allt 25 þúsund krónum“ í 26. gr. laganna komi: eigi minna en 40 þúsund krónur.
2. Við 1. gr. Í stað síðasta málsli. komi:
Til að mæta þessum útgjöldum greiðir ríkissjóður kr. 1600000.00 á ári.
Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um styrkveitingar þessar.

Alþingi, 24. maí 1960.

Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.
frsm.